

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lágafellsskóli

TÆKIFÆRI TIL NÁMS

NEMENDUR MEÐ SÉRÞARFIR



Skólastjóri: Jóhanna Magnúsdóttir

Verkefnisstjóri: Sigrún Huld Auðunsdóttir

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Markmið verkefnis

- mæta þörfum nemenda með sérþarfir með kennsluaðferðum sem auka virkni, getu, sjálfstæði og árangur í námi.
- nemendur með sérþarfir standi jafnfætis öðrum nemendum í námi og að stuðlað sé að jafnrétti til náms með því að veita nemendum tækifæri til að geta unnið sjálfstætt í stað þess að þarfnast stöðugar aðstoðar stuðningsfulltrúa.
- auka sveigjanleika, fjölbreytni í kennsluháttum og kennsluaðferðum með notkun nútímatækni.
- styrkleikar nemenda fengju að njóta sín í gegnum þann raunveruleikaheim barna sem í dag er mikið tengdur tölvum og tölvutækni.
- nemendur læri að verða sjálfstæðir einstaklingar með hjálp tölvutækni við lestur, ritun og tjáningu.
- þróa notkun á ýmsum forritum í kennslu.
- bæta læsi hjá nemendum í námsveri miðstigs og eldri deildar.
- verkefnið taki þrjú ár, skólaárin 2011-2014.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Fengin var til landsins Malene Erkman frá 4ben.dk til að miðla af reynslu sinni með notkun tækja í kennslu. Eftir ráðleggingar og fræðslu frá henni var hafist handa. Þegar verkefnið var komið vel af stað var hún fengin aftur til landsins til að skoða hvar við værum stödd og hvar væri hægt að bæta við. Keyptar voru tíu fartölvur og voru sex þeirra notaðar í námsver eldri deildar og 4 í námsveri miðstigs. Að auki voru keyptir fjórir einfaldir snjallsímar til að nota í verkefninu. Verkefnastjóri fór ásamt Vilborgu Sveinsdóttur á námskeið hjá EHÍ um notkun Question Pro forrits sem nýtist til rafrænna prófa. Sett var upp tölvupóstaöngangur (Gmail) fyrir nemendur námsvers eldri deildar sem var svo notað til að fá aðgang að þeim forritum sem notuð voru. Einnig var sett upp Dropbox fyrir hvern og einn nemanda auk þess sem kynnt voru fjölbreytt forrit til notkunar í kennslu. Miðað var að forritin gætu notast á þverfaglegan hátt, það er að segja að unnið var til dæmis með fleiri fög/námsþætti í einum og sama tímanum. Í Dropboxið var sett upp sameiginleg mappa þar sem nemendur gátu nálgast námsgögn rafrænt, til dæmis bækur, blöð og hljóðbækur. Var þetta nemendum aðgengilegt sama hvort þau voru í skóla eða heima hjá sér. Einnig deildi hver nemandi fyrir sig möppu með kennara þar sem hann gat

skilað verkefnum/ritgerðum eða öðru sem átti að skila til kennara. Forritið Foxit Reader var kynnt var fyrir nemendum og hvernig hægt væri að nýta það í námi.

Einnig var kynnt fyrir nemendum hvernig hægt væri að nýta Foxit Reader og Ivonna Reader talgervilinn saman til að þau gætu verið sjálfstæðari í náminu sínu. Þetta var (og er) enn notað í skólanum og þá sérstaklega við töku prófa. Þá fengu nemendur prófið í tölvu og létu talgervil lesa fyrir sig og voru um leið sjálfstæð í náminu sínu, en þurftu ekki kennara/stuðningsfulltrúa til að lesa eða jafnvel skrifa fyrir sig. Snjallsímarnir voru notaðir helst í ratleikjum þar sem nemendur þurftu að leysa ýmis verkefni tengd íslensku, stærðfræði, ensku, dönsku og framvegis til að komast í mark. Nemendur fengu kennslu á notkun tölvupóst, leiðréttingarforrits auk annarra forrita sem munu nýtast þeim í framtíðinni bæði í námi og daglegu lífi. Ragnar Þór Pétursson var einnig fenginn undir lok verkefnisins til að fræða kennara um notkun spjaldtölva við nám nemenda og hvernig væri hægt að gera nemendur sjálfstæðari í námi með tölvutækninni.

Helstu hindranir og frávík sem komu upp við vinnu verkefnisins

Erfiðleikar með tækjabúnað og tækniatriði skólans setti stein í götu verkefnisins og olli því að öll þróun var mun hægari en ætlað var. Erfiðlega gekk að fá aðgang að ýmsum forritum og vefsíðum sem voru ekki aðgengilegar vegna eldveggis skólans, t.d. Facebook og Twitter. Það í bland við starfsmannabreytingar og skipulagsbreytinga innan skólans varð valdur að því að verkefnið gekk mun hægar en lagt var upp með þar sem teymið breyttist. Einnig minnkaði upphaflegur markhópur og því var mati á verkefninu breytt eins og sjá má neðar í skýrslunni.

Helstu ávinningar af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Afrakstur verkefnisins var mjög jákvæður. Nemendur öðluðust talsvert meira sjálfstæði í náminu með notkun tölvunnar. Nemendur sem áður voru óvirkir urðu virkir þegar verkefni mátti vinna á tölvutæku formi. Nemendur urðu einnig mun jákvæðari í garð námsins og að vinna verkefni þegar þau fengu tækifæri til að vinna sjálfstætt án þess að stuðningsfulltrúi/kennari „mataði“ þau á námsefninu. Fjölbreyttar kennsluáferðir og notkun fjölbreytta leiða að náminu átti einnig sinn þátt í að gera nemendur bæði jákvæða og spennta fyrir því að prófa ný verkefni og nýjar áskoranir. Notkun talgervils með Foxit Reader breytti heilmiklu fyrir nemendur með dyslexíu eða þá nemendur sem áttu erfitt með lestur. Kennnd var glósutækni og hvernig hægt væri að nýta sér Foxit Reader á sem árangursríkasta hátt fyrir hvern og einn. Að námsefnið væri aðgengilegt í gegnum Dropbox breytti miklu fyrir nemendur sem gátu þá haldið áfram í sama verkefni og þeir hættu í þegar unnið var í skólanum. Þetta auðveldaði einnig foreldrum yfirsýn yfir stöðu nemenda og þegar skila átti verkefnum var allt til staðar í Dropboxinu. Týndar eða gleymdar bækur voru ekki lengur vandamál.

Einn helstu ávinningur fyrir skólann er fyrst og fremst að geta í kjölfarið á þessu verkefni boðið nemendum upp á rafræn próf. Þá eru prófin opnuð í Foxit Reader forritinu, Ivonna Mini Reader talgervillinn notaður með og nemendur geta svarað prófinu beint inn í tölvuna óski þau þess. Þetta veitir nemendum sem þurfa aukinn stuðning í námi algert sjálfstæði við prófatöku í stað þess að það þurfi einhver að lesa fyrir nemanda. Nemandinn með þessu stýrir sínum eigin hraða við prófatöku og getur hlusta á fyrimæli/texta aftur og á sínum forsendum.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn

Samkvæmt umsókn átti að búa til rýnihópa nemenda og senda spurningalista til foreldra og nemenda við upphaf og lok verkefnisins auk þess að leggja gæðagreina fyrir. Horfið var frá þeim fyriráætlunum að hluta til vegna stærðar nemendahópsins. Elsti hópurinn, 10. bekkurinn gegndi hlutverki rýnihóps og var fundað reglulega með þeim til að vita þeirra álit á verkefninu og fá ábendingar um hvað væri að ganga vel og hvað mætti betur fara. Var þessi hópur með eina kennslustund á viku sem nýttur var til að fara yfir verkefnið og mat ásamt því að kenna nemendum að nýta sér tölvurnar þeim til gagns, eins og að læra að nota villuforrit við yfirllestur texta, samheitaorðabók, senda tölvupóst og margt fleira. Leitað var til foreldra eftir þeirra upplifun og skoðun á því hvort nemendur væru sjálfstæðari eftir að verkefnið byrjaði og hvort þeir teldu að það gagnaðist. Nemendur fengu úthlutað lengri foreldraviðtalstíma til að hægt væri að fá mat foreldra á þessum þáttum. Í öllum tilfellum voru foreldrar mjög ánægðir með verkefnið og töldu allir að það nytist börnum þeirra til framdráttar í námi og starfi. Mat var hinsvegar ekki lagt fyrir sama hóp í upphafi verkefnis og lok þess vegna þess að sá hópur sem byrjaði var útskrifaður við lok verkefnisins. Horfið var frá því að nota gæðagreina þar sem ýmsar breytingar urðu eins og kom fram í kafla um hindranir. Í öllum tilfellum voru þá bæði foreldrar ánægðir með þá kunnáttu sem þau lærðu í verkefninu. Þá sérstaklega voru þeir nemendur sem áttu erfitt með lestur og skrift ánægðir yfir auknu sjálfstæði með að hafa lært notkun Foxit Reader, Ivonna Reader og leiðréttingaforrits.

Niðurstöður verkefnisins

Niðurstöður verkefnisins voru mjög afdráttarlausar. Þeir nemendur sem fengu nægan tíma til að ná góðum tókum á þessum forritum sem við notuðum voru áberandi sjálfstæðari í námi. Námsafköst jukust þar sem lestur varð talsvert auðveldari með notkun Foxit Reader og Ivonna Reader forritanna. Áhugi nemenda til að læra var einnig mun meiri þar sem möguleikar þeirra að stýra sínum hraða í náminu voru miklir. Einnig fannst nemendum mjög áhugavert að læra í gegnum ýmis forrit og gaman að tvinna saman nokkur fög með einu forriti. Til dæmis nýttum við Zoomumba leikinn í ensku, íslensku, stærðfræði og lífsleikni. Leikurinn var á ensku, nemendur héldu dagbók á íslensku um hvað væri að

gerast á hverjum degi, nemendur þurftu að kaupa fóður og þurftu að vinna fyrir pening nota þannig stærðfræði. Þetta opnaði líka að góðar umræður á gæludýr, vinnusemi, störf og margt fleira.

Það sem þetta verkefni skilaði fyrsta og fremst inn í skólastarfið voru möguleikarnir sem opnuðust með því að taka próf rafrænt. Nemendur urðu talsvert jákvæðari fyrir því að taka próf þar sem þau þurftu ekki að hafa einhvern aðila til að sitja yfir sér í prófinu heldur voru þau sjálfstæð með nýtingu á tölvutækninni. Í Lágafellsskóla hefur það verið nýtt í hverri viku að láta nemendur taka próf með þeim hætti. Einnig var gaman að færa fjölbreytta kennsluhætti inn í skólastarfið með þessum hætti. Mikið nám á sér stað með því að læra í gegnum tækni og auðvelt að nýta slík verkefni með bæði sérkennsluhópum og heilum bekkjum. Ratleikur með notkun QR kóða hefur nemendum fundist mjög áhugaverður. Við höfum notað Dropbox á margvíslegan hátt. Til dæmis eru nemendur sem eru með fartölvur í náminu með þær bækur sem aðgengilegar eru rafrænt í Dropboxi í tölvunni sinni og deila með kennara sínum. Þar hefur bæði nemandinn og kennarinn aðgang að verkefnabókinni hvenær og hvar sem er. Einnig er Dropbox notað til að deila rafrænum bókum og verkefnum með þeim nemendum sem þess þurfa, t.d. nemendum með mikla dyslexíu.

Það hefði verið mjög áhugavert að geta keyrt verkefnið áfram af fullum krafti og þá hefði eflaust enn meiri árangur og þekking komið inn í skólann. Við búum á þeim tíma þar sem tæknin breytist mjög hratt og við sem kennarar þurfum að gera það líka. Við þurfum að geta aðlagð okkur að þekkingu nemenda okkar sem eru orðinn liprari en við, sérstaklega þegar kemur að snjalltækjum. Við í Lágafellsskóla getum með stolti sagt að þrátt fyrir að umfang verkefnisins hafi ekki verið jafn mikið og við hefðum lagt með í upphafi hafi það svo sannarlega breytt miklu í skólastarfi hjá okkur og við náð að uppfylla öll markmið sem lagt var upp með. Við getum með sanni sagt að við höfum nú í höndunum mun fleiri verkefni til að geta leyft nemendum með námserfiðleika njóta sín á sínum forsendum á meðan þau eru sjálfstæð í sinni vinnu. Þeir skólar sem hingað hafa komið í skólaheimsóknir hafa verið mjög hrifnir af þessum nýju aðferðum okkar auk þess að verkefnisstjóra hafa borist fjölda fyrirspurna í gegnum tölvupóst bæði eftir að grein kom út í Glæðum og fyrirlestur á Grand Hótel.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

- Verkefnið var kynnt á ráðstefnu Félags íslenskra sérkennara nóvember 2012.
- Grein birtist í 23. árgangi Glæðna, fagtímariti félags íslenskra sérkennara (sjá viðhengi).
- Haldin voru fjölmörg örnámskeið fyrir kennara innan skólans skólaárið 2012-2014 til að þeir gætu lært að tileinka sér þá tækni sem þróuð var í kjölfar verkefnisins.
- Upplýsingar um einstaka kennsluþætti eru aðgengilegar á vefsíðunni www.lestrargreining.is.